



Verkfraeðingafélag Íslands

Innviðaráðuneytið

Skrifstofa sveitarfélaga, stafrænna innviða og byggðamála

Sölvhólsstötu 7

101 Reykjavík

irn@irn.is

Efni: Umsögn Verkfraeðingafélags Íslands (VFÍ) vegna áforma um breytingar á lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019.

Samráðsgátt: Mál nr. S-115/2026.

Verkfraeðingafélag Íslands er sammála meginmarkmiðum breytinganna um að styrkja netöryggi mikilvægra innviða og bæta yfirsýn stjórnvalda. VFÍ vill hins vegar vekja athygli á nokkrum atriðum sem mikilvægt er að huga sérstaklega að. Öryggi þeirra kerfa sem hér um ræðir snýst að verulegu leyti um verkfraeðilega og tæknilega þekkingu á undirliggjandi stýri- og eftirlitskerfum.

Staða sérhæfðrar tækniþekkingar við flutning eftirlits

Í greinargerð kemur fram að núverandi fyrirkomulag, þar sem Samgöngustofa, Umhverfis- og Orkustofnun og embætti landlæknis fara hvert með eftirlit á sínu sviði, skili ólíkri og ósamræmdri framkvæmd. Markmið breytinganna er meðal annars að miðlægt eftirlit Fjarskiptastofu bæti nýtingu sérþekkingar. VFÍ tekur undir að samræmd aðferðafræði er æskileg. Mikilvægt er að sértæk tækniþekking glattist ekki við þessar breytingar heldur fylgi hún verkefnunum til Fjarskiptastofu með skipulögðum hætti og að vandað verði til verka. Nú fjölgar netglæpum, þ.á.m. netárásum sem gerðar eru með aðstoð gervigreindar. Þetta gerir enn meiri þekkingarkröfur til þeirra sem starfa við netvarnir og undirstrikar að nauðsynlegt er að fjármagna starf þeirra vel.

Tryggja þarf fjármögnun verkefna

Í greinargerðinni er viðurkennt að núverandi eftirlitsverkefni hafi frá setningu netöryggislaganna árið 2019 ekki verið fjármögnuð til fulls. Það er tilgreint sem ein helsta ástæða þess að að mikilvægt sé að ráðast í áformaðar breytingar. Í frum mati á áhrifum kemur jafnframt fram að ekki sé gert ráð fyrir sérstakri fjármögnun við flutning verkefnanna til Fjarskiptastofu. VFÍ varar við að tilfærsla verkefna án þess að henni fylgi nauðsynlegt fjármagn, muni ekki leysa þann grundvallarvanda sem lýst er í greinargerðinni. Þvert á móti getur hún staðið í vegi fyrir uppbyggingu sérhæfðrar tækniþekkingar sem þarf til að annast eftirlit með jafn ólíkum innviðum og hér um ræðir.

Skýr verkaskipting og formlegt samstarf við sérfræðistofnanir

Fram kemur að endurskoða þurfi ákvæði um útnefningu mikilvægra innviða til að gæta að sviðsábyrgð, og að náið samstarf verði áfram milli Fjarskiptastofu og þeirra stjórnvalda sem áður fóru með verkefni, auk CERT-IS og lögreglu. VFÍ leggur ríka áherslu á að samstarfið verði fest í skýrum verklagsreglum en ekki látið ráðast af óformlegu samráði, þannig að tæknileg þekking viðkomandi stofnana á öryggi og áreiðanleika eigin innviða nýtist áfram með formlegum hætti. Óskýr mörk ábyrgðar milli stofnana geta að öðrum kosti leitt til ósamræmis og veikari faglegrar ábyrgðar.

Raunhæfur undirbúningstími

Áformað er að lögin taki gildi 1. janúar 2027 og tekið er fram að gildistakan krefjist hvorki mikils undirbúnings af hálfu opinberra- eða eftirlitsskyldra aðila. VFÍ telur þetta vanmat á á umfangi verkefnisins. Að byggja upp raunverulega tæknilega getu til eftirlits, samhliða yfirfærslu þekkingar frá viðkomandi stofnunum er að mati félagsins umfangsmikið verkefni sem krefst skipulags og undirbúnings. Ekki er eingöngu um að ræða tilfærslu stjórnsýslulegrar ábyrgðar. Einnig er hætta á að eftirlit veikist tímabundið ef frestur til yfirfærslu verður of skammur.

Samantekt - Tillögur Verkfræðingafélags Íslands

Til að tryggja að markmið áformanna um aukið netöryggi mikilvægra innviða og bætta yfirsýn náist í reynd, leggur Verkfræðingafélag Íslands til eftirfarandi:

1. Tryggt verði að sértæk tækniþekking núverandi eftirlitsstjórnvalda flytjist til Fjarskiptastofu með skipulögðum hætti, en glatist ekki við tilfærslu verkefna.
2. Fjármögnun fylgi verkefnunum við flutning þeirra, þannig að viðurkennd undirfjármögnun núverandi fyrirkomulags endurtaki sig ekki hjá Fjarskiptastofu.
3. Samstarf Fjarskiptastofu við Samgöngustofu, Umhverfis- og Orkustofnun, embætti landlæknis, CERT-IS og lögreglu verði fest í skýrum, formlegum verklagsreglum, ekki eingöngu óformlegu samráði.
4. Gildistökuþrestandur og undirbúningstími verði endurskoðaður þannig að hann endurspegli raunverulegt umfang breytinganna og þannig tryggður tími sem þarf til að byggja upp tækniþekkingu og yfirfæra hana milli stofnana, fremur en að miða eingöngu við stjórnsýslulega tilfærslu.

Reykjavík, 7. ágúst 2026.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.